

## • Vinnsla og vörupróun

- Matvælaöryggi
- Líftækni



**Guðmundur Heiðar Gunnarsson,  
Þóra Valsdóttir og Brynhildur Pálsdóttir**

# Tækifæri í þróun og hönnun matvara í tengslum við ferðamennsku

**Eftirspurn eftir staðbundnum afurðum hefur aukist m.a. vegna áhuga ferðamanna á að upplifa og taka með sér afurðir sem einkenna ákveðin svæði.**

### Matur sem upplifun fyrir ferðamenn

Þó nokkur vakning hefur verið á undanförunum árum meðal hráefnisframleiðenda og ferðaþjónustuaðila á Íslandi um mikilvægi matvæla í upplifun ferðamanna og þá virðisaukningu sem fæst með vinnslu og sölu hráefnis í héraði. Hagsmunaaðilar á mörgum svæðum hafa myndað net til að vinna sameiginlega að skilgreiningu og uppbyggingu á matarferðamennsku og til að styðja við framleiðslu á staðbundnum matvælum.

Samhliða hefur eftirspurn eftir staðbundnum afurðum aukist m.a. vegna áhuga ferðamanna á að upplifa og taka með sér afurðir sem einkenna ákveðin svæði. Til að svara eftirspurninni þarf hins vegar í flestum tilvikum að fara sérstaklega í vörupróun og hönnun á afurðum sem tekur tillit til þarfa og væntinga markhópsins. Þær þarfir og væntingar eru oft ólíkar þörfum hins almenna neytanda.



Til að sala á staðbundnum matvælum til ferðamanna geti orðið að arðbærum iðnaði til framtíðar verða slíkar vörur að vera eftirsóknarverðar fyrir ferðamenn, uppfylla öll skilyrði til sölu, vera aðgengilegar og skapa virðisauka fyrir framleiðandann. Þó að viðtæk þekking sé meðal frumkvöðla þá er oft þörf á aðstoð við einn eða fleiri þætti í ferlinu frá hugmynd til markaðshæfrar vöru. Stuðningur við frumkvöðla í gegnum vörupróun og hönnun er því einn mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu á matarferðamennsku.

### Aðkoma Matís að matarferðamennsku

Matís hefur áhuga á því að styðja við uppbyggingu á matarferðamennsku á landsvísi. Fyrirtækið hefur þegar skilgreint vörupróun og matarferðamennsku sem eitt af áherslusviðum sínum á næstu misserum.

Aðkoma Matís að uppbyggingu matarferðamennsku má skipta í fjóra þætti:

- Skilgreina vinnsluferla
- Aðstaða til vörupróunar og tilraunaframleiðslu
- Vöruhönnun og ímynd
- Matvælaöryggi og heilnæmi



Yfirlit yfir net, hátíðir og markaði sem leggja áherslu á staðbundin matvæli. Þá eru á mörgum stöðum boðið upp á árstíðabundnar matarveisur s.s. þorrablot, kútmagakvöld, villibráðakvöld, sviðaveislur og skótuveislur.

